

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2005030048
2503; 9310

Reykjavík, 6. maí 2005
/--

Efni: Sjóvarnir við Fuglavík, frá Lambarifi að Hólabrekku og frá Stafnesi að Bala í Sandgerðisbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 7. janúar 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt sjóvörn við Fuglavík, Lambarif-Hólabrekku og Stafnes-Bala í Sandgerðisbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sandgerðisbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sandgerðisbæ með bréfi dags. 23. mars 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. apríl 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. apríl 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Siglingastofnun með bréfi dags. 3. maí 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar sjóvarnir séu liðir í vörn gegn landbroti. Um sé að ræða endurbyggingu samtals 200 m langrar sjóvarnar á tveimur stöðum við Fuglavík og efnismagn verði um 750 m³, 50 m langa sjóvörn við norðanvert Stafnes að Bala og efnismagn verði um 3.500 m³ og endurbygging á um 680 m langri sjóvörn frá Lambarifi að Hólabrekku og efnismagn verði um 3.100 m³. Gert sé ráð fyrir að sækja efni í námu í Helguvík.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Sandgerðisbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á lífríki, útvíst og landslag. Umhverfisstofnun bendir á að við fjörukambinn í Fuglavík sé æðarvarp og telur stofnunin að hanna verði sjóvarnirnar með þeim hætti að mögulegt verði fyrir æðakollur að koma ungum til sjávar án verulegra affalla. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að fjaran frá Lambarífi að Hólabrekku sé á náttúruminjaskrá og jafnframt vinsæll útvistarstaður og telur stofnunin nauðsynlegt að við hönnun sjóvarnarinnar sunnan Garðaskaga þurfi að gera ráð fyrir greiðri aðkomu fólks að fjörunni. Einnig ætti að huga vel að útliti og hæð sjóvarnarinnar svo hún falli sem best að landi.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að leitast verði við að koma til móts við sjónarmið Umhverfisstofnunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvarnir við Fuglavík, frá Lambarífi að Hólabrekku og frá Stafnesi að Bala í Sandgerðisbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd tekur til afmarkaðs svæðis og eru að mestu ofan fjöruborðs. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að áhrif á lífríki strandarinnar verði sem minnst og tekur undir með Umhverfisstofnun um að sjövärnin í Fuglavík verði hönnuð þannig að æðar kollur og ungar komist til sjávar. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin hafi óveruleg umhverfisáhrif í för með sér. Skipulagsstofnun bendir á að fjörur Sandgerðisbæjar eru á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts strandgróðurs, fjörugerða, lífauðugra sjávertjarna og mikils fuglalífs og telur stofnunin því mikilvægt að raski verði haldið í lágmarki við fyrirhugaðar framkvæmdir, að hönnun og frágangur sjóvarnar verði þannig að sjóvarnirnar falli sem best að landi og að aðgangur fólks að og um fjöruna eftir að framkvæmdum lýkur verður tryggður.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Siglingastofnunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Siglingastofnunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir við Fuglavík, frá Lambarífi að Hólabrekku og frá Stafnesi að Bala í Sandgerðisbæ séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sandgerðisbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 1997-2017.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 10. júní 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.
Umhverfissráðuneytið, Sandgerðisbær, Fornleifavernd ríkisin og Umhverfisstofnun.